

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/03

frá 10. desember 1999

um breytingu á ákvörðun 93/70/EBE um skráningarkerfi fyrir Animo-tilkynningar, þannig að hún taki til unninna prótína úr spendýrum(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 4251)

(1999/874/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að Animo-tilkynningar séu auðskildar eru skráningarnúmer dýra og dýraafurða tilgreind í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/70/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 98/168/EB ⁽⁴⁾.
- 2) Með ákvörðun 97/735/EB ⁽⁵⁾ setti framkvæmdastjórnin ný ákvæði um viðskipti með tiltekin úrgangsefni frá spendýrum. Í þeim ákvæðum var einkum tilskilið að útflutnings- og viðtökuaðildarríkjunum bæri að tilkynna hvert öðru um eðli og fyrirhugaðan viðtökustað vara með því að nota Animo-tölvukerfið.
- 3) Framkvæmdastjórnin breytti ákvörðun 93/70/EBE með ákvörðun 98/168/EB til þess að bæta við fleiri skráningarnúmerum sem eru notuð í viðskiptum með tiltekin úrgangsefni frá spendýrum.
- 4) Það hefur sýnt sig að breyting skráningarnúmera fyrir lifandi dýr og dýraafurðir er ófullnægjandi og skal þeim afurðum sem vantar bætt við.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við ákvörðun 93/70/EBE er breytt sem hér segir:

Við 12. lið, „Unnið dýraprótein, einnig til notkunar í fóður (mjöl og hamsar) — gæludýrafóður“, í kafla I.3, „AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU“, bætist eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 340, 31.12.1999, bls. 109, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 25, 2.2.1993, bls. 34.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 62, 3.3.1998, bls. 37.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 294, 28.10.1997, bls. 7.

	1	2	3
„05 Unnið dýrapróttín úr spendýrum, til notkunar í fóður, sem ekki er talið með í lið 12-01			
01 — Kjötmjöl og mjöl úr beinum	47010501000000		
02 — Blóðmjöl	47010503000000		
03 — Beinamjöl	47010504000000		
04 — Þurrkaðir hamsar	47010508000000		
05 — Blöndur úr þessu mjóli	47010599000000“		

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. desember 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.